

Ársfundur Hrossaræktarfélags Hrunamanna 21.05.2019

1. Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson, formaður setur fundinn kl 20:45

Kosið um Ritara og Fundarstjóra. Þorsteinn stingur upp á að Guðríður taki að sér bæði störf, það er samþykkt samhlóða af fundinum.

2. Reikningar félagsins lagðir fram.

Svava Kristjánsdóttir, gjaldkeri fer með málið:

Svava byrjar á því að lesa skýrslu fyrir fundargesti þar sem farið er yfir fjárhagslegan halla sem félagið stóð fyrir eftir að fyrrverandi gjaldkeri lét af störfum. Mikið ósamræmi var í gögnum og mikill halli á haldbært fé félagsins. Skattagögn voru ófullnægjandi og í vanskilum.

Núverandi stjórn leitaði til óháðs fagaðila til þess að fara yfir bæði fjárhags- og skattagögn félagsins allt frá árinu 2011. Niðurstaðan var sú að fyrrverandi gjaldkeri skuldar félaginu hátt á þriðju milljón króna. Fyrrverandi Gjaldkeri hefur gengist við skuldinni og hefur gert samning við félagið um uppgreiðslu skuldarinnar, hann hefur nú þegar greitt fyrstu afborgun.

Eftir að hafa kynnt efni þessara skýrslu fer Svava yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2018 (árseikning má finna á heimasíðu félagsins).

Umræður um ársreikninga félagsins:

Jón Hermansson biðst afsökunar á því að fjárhagsleg staða félagsins hafi farið eins og hún gerði á meðan hann var skoðunarmaður félagsins. Hann Ítrekar eins og kom fram í skýrslu Svövu, þá bar fyrrverandi gjaldkeri fölsuð gögn fyrir skoðunarmenn og því gat hann ekki gert sér í hugarlund að málið stæði eins og það gerði.

Hörður Úlfarsson spyr hvernig áframhaldandi greiðslum á skuldinni verði háttáð.

Þorsteinn upplýsir fundinn að fyrrverandi gjaldkeri hafi tvö ár til viðbótar til að greiða niður skuldina við félagið. Skuldinni var skipt upp í þrjá hluta og eindagi hvers hluta 1. maí ár hvert, fyrsta greiðsla upp á 950.000 barst félaginu núna í byrjun maí.

Ársreikningur er samþykktur samhljóða af fundargestum.

3. Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson les skýrslu Stjórnar fyrir árið 2018

Steini stiklar á stóru um síðasta starfsár félagsins. Sægrímur frá bergi sinnti hryssum í girðingu félagsins í Hruna eftir landsmót. Félagið hélt folalda sýningu í nóvember þar sem þáttaka var bísna góð og fór síðan í skemmtiferð í mars þar sem farið var að Sunnuhvoli í Ölfusi og Efri-Gegnishólum í Flóa.

Skýrsluna má lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins.

Umræður um Stjórnarskýrslu:

Magnúsi Gunnlaugssyni fanst vanta að tekið væri fram í skýrslunni hvenrig úrslit á folaldasýningunni hefðu farið. Það er mikilvægt og skemmtilegt að halda öllum svona upplýsingum til haga upp á framtíðina.

Skýrslan er samþykkt af fundargestum.

4. Verðlaunaafhending á stigahæstu hrossum og hrossaræktarbúi 2018.

Árið 2018 voru 13 hross frá félagsmönnum sýnd til fullnaðardóms, þar af fóru 8 hross í fyrstu verðlaun.

Efstu 5 hrossin eru:

<i>Tign frá Jaðri</i>	<i>B: 8.6</i>	<i>H: 8.81</i>	<i>A: 8.73</i>
<i>Ísafold frá Efra-Langholti</i>	<i>B: 8.07</i>	<i>H: 8.3</i>	<i>A: 8.21</i>
<i>Hrifla frá Hrafnkelsstöðum 1</i>	<i>B: 8.34</i>	<i>H: 8.03</i>	<i>A: 8.15</i>
<i>Von frá Langholtskoti</i>	<i>B: 8.28</i>	<i>H: 7.92</i>	<i>A: 8.07</i>
<i>Framsýn frá Efra-Langholti</i>	<i>B: 8.09</i>	<i>H: 8.02</i>	<i>A: 8.05</i>

Einungis einn graðhestur var sýndur ár árinu, Ísar frá Efra-Langholti *B:8.33 H: 7.76 A: 7.93*

Krissa og Aggi á Jaðri fá verðlaun fyrir hæst dæmdu Hryssu félagsins, Tign frá Jaðri. Berglind og Raggi í Efra Langholti fá verlaun fyrir hæst dæmda graðhestinn, Ísar. Þau hljóta einnig verðlaun fyrir hæst dæmda kynbótahrossið í eigu félagsmans, Ísafold frá Efra-Langhotli.

Hrossaræktarbú ársins 2018 hjá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna er Hrossaræktarbúið á Jaðri með 156 stig.

Stigin byggja á einstaklingsdómi Tignar frá Jaðri og Sigrí á Íslandsmóti í tölti T1 Unglinga, en Védís Huld Sigurðardóttir varð Íslandsmeistari á Dáð frá Jaðri.

Hrossaræktarbúið Efra-Langholt varð í 2.sæti með 153 stig.

Stigin byggja á einstaklingsdómum hrossanna Ísafoldar, Framsýnar og Ísars frá Efra-Langholti.

5. Fyrirhugaðar framkvæmdir á girðingum félagsins.

Tittagirðing: Hrossaræktarfélagið hefur mist girðinguna við ruslahaugana. Girðingavinna í Hruna.

6. Stjórnarkjör

Kosið er um einn mann til 3 ára. Sæti Þorsteins er laust, hann bíður sig fram til áframhaldandi setu og fær klapp fyrir frá fundargestum.

Kjósa þarf inn skoðunarmann inn fyrir Jón Hermannsson sem segir af sér. Jóni er þakkað kærlega fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Magnús Helgi Loftsson tekur verkið að sér og er samþykktur af fundinum.

7. Önnur mál

Engin mál koma upp. Fundi er slitið 21:30